

Fundargerð 4. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 16. janúar 2013

Árið 2013, miðvikudaginn 16. janúar kl. 10:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík. .

Fundinn sátu: Svanfríður Inga Jónasdóttir, Róbert Ragnarsson og Guðný Sverrisdóttir.
Í síma voru: Elliði Vignisson og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur ársins 2012

Afgreiðslu frestað þar sem vinnslu er ekki lokið. Drög að ársreikningi verða send stjórnarmönnum milli funda til yfirferðar.

2. Drög að heimasíðu samtakanna kynnt

Valur og Ingibjörg Hinriksdóttir kynntu síðuna.

Fjölga þarf myndum á vefnum, ekki síst úr fiskvinnslu. Leggja áherslu á að sýna fólk sem starfar í greininni, en ekki bara báta.

Ákveðið að Valur kalli eftir skýrslum og fróðleik frá aðildarsveitarfélögum til að setja á vefinn. Auk þess að finna til og setja inn sérfræðingaskýrslur sem unnar voru í tengslum við fiskveiðistjórnunarfrumvörpin.

Stjórnarmenn skulu vera vakandi fyrir því að setja inn fleiri fréttir á vefinn. Hægt er að senda Vali tillögur sem hann kemur í birtingu. Sjálfsagt að setja inn fréttir frá öðrum miðlum ef getið er heimilda.

Ingibjörg vék af fundi.

3. Staða mála varðandi frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða

Ekki hefur verið mælt fyrir minna frumvarpinu í þinginu og því ekki tímabært að vinna umsögn. Stærri frumvarpið hefur ekki komið fram og efni þess því ekki þekkt.

Stjórn sammála um að biða átekt með að vinna umsagnir þar til mælt hefur verið fyrir frumvörpunum.

4. Bréf frá Djúpavogi um byggðarkvóta

Bréf atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis lagt fram með skýringum á því hvers vegna Djúpivogur fékk ekki byggðarkvóta við síðustu úthlutun.

Formanni falið að gera drög að svarbréfi til Djúpavogshrepps.

5. Vinna að upplýsingaöflun

Elliði kynnti tvær tillögur frá ráðgjafa um upplýsingaöflun.

1. Greining fyrir einstaka sveitarfélög á sambærilegum grunni og skýrsla sem unnin var fyrir Vestmannaeyjabæ.

Ákveðið að birta skýrslu Vestmannaeyinga á vef samtakanna og kynna fyrir aðildarsveitarfélögum möguleikann á að láta vinna fyrir sig greiningu.

2. Samantekt um áhrif sérstaka veiðigjaldsins og hvernig það skiptist á sveitarfélög, fyrirtæki og svæði.

Stjórn líst vel á að taka saman þessar upplýsingar og felur Elliða að afla tilboðs í verkið fyrir næsta fund. Endanlega ákvörðun verður tekin samhlið afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

6. Fundur með forsætis- og fjármálaráðherra

Drög að bréfi til ráðherra lagt fram.

Ákveðið að fresta útsendingu bréfsins að sinni.

7. Kynningarmál vegna komandi kosninga

Stjórn telur æskilegt að koma á samstarfi og samstöðu milli Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og Samtaka orkusveitarfélaga um sameiginlega skilning á auðlindagjöldum almennt og sanngjarnri skiptingu þeirra milli ríkis og sveitarfélaga.

Formanni falið að ræða málið við formann samtaka orkusveitarfélaga.

8. Fjárhagsáætlun ársins 2013

Páll Björgvin mun vinna tillögur að fjárhagsáætlun þessa árs fyrir næsta fund.

9. Önnur mál

Ákveðið að setja upp fundadagatal fyrir stjórnarfundi árið 2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.